

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 88/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/76/EB frá 22. desember 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/282/EB frá 17. mars 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004) í XIX. viðauka við samninginn:

„7fa. **32007 D 0076:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/76/EB frá 22. desember 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð (Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 192) eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0282:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/282/EB frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 89, 1.4.2008, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2007/76/EB og 2008/282/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 192.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 89, 1.4.2008, bls. 26.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.